

Snjósmælingar á Kjalöldum

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-2000-01

2000-03-20

Snjómælingar á Kjalöldum

Síðan 1975 hefur öðru hverju verið safnað gögnum um snjóalög á Kjalöldum. Þar voru 5 stengur til snjómælinga og einnig úrkomusafnmælir.

Samkvæmt gögnum Orkustofnunar hefur oft verið veginn snjór við safnmælinn á Kjalöldum síðan 1975. Ekki eru handbærir útreikningar á öllum þessum mælingum en þeir sem tiltækir eru eða ég hef reiknað út nú sjást á töflu hér að neðan.

Snjódýpi í töflunni er meðal snjódýpi mælt (fram til 1995) við 4 af 5 stöngum sem eru við safnmælinn á Kjalöldum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve vítt það svæði er sem þetta snjó-magn á við, en þessi gögn ásamt með mælingum á Bláfellshálsi hafa gefið furðu gott samband við mæld vorflóð í Þjórsá.

Í töflunni hér að neðan er meðalsnjódýpi reiknað út frá stöngum nr. 1-4 en stöng nr. 5 sleppt fram til 1995 sem venja var af því að hún stóð í brekku. Það ár voru stengurnar endurnýjaðar af Landsvirkjun (Sigurði Páli Ásólfsyni) og bætt við einni stöng. Eftir það hefur verið reiknað meðalsnjódýpi af öllum stöngunum sex. Þannig kann misræmi að vera í tölum um snjódýpi og vatnsgildi fyrir 1995 annars vegar og hins vegar þeim sem síðar eru mældar. Þetta á ekki að breyta neinu um samanburð á eðlisþyngd snjólagsins. Orkustofnunarmenn sáu um mælinguna fram til 1995 en síðan hefur Sigurður Páll mælt snjóinn á Kjalöldum.

Dagsetning	Snjódýpi cm	Eðlisþyngd kg/m ³	Vatnsgildi mm	Athugasemd
750119	113	346	391	
750324		468	813	Vantar mælingu á stöngum
760428	124	523	649	Útreikningur í mælingabók 840 mm
770318	14	437	61	Útreikningur í mælingabók 47 mm
780223	132	428	565	
780413	43	429	184	
790317	46	481	221	Útreikningur í mælingabók 353 mm
790517	45?			
810302	103	471	485	
810410	110	484	532	
820421	61		355	
830218	70	520	364	
830411	90	585	527	
890228	121	477	577	
890409	149	483	720	
900410	174	414	720	
910310	42	602	253	
920401	99	474	469	
940327	69	453	313	
960208	29			
960424	42	452		
970303	132	416	549	
980331	42	518	215	
990315	69	435	302	
991228	22	290	63	
000314	97	387	376	